

EVRÓPSKI HÖFUNDADAGURINN
BÆKUR ERU BESTAR

LESTRARÁSKORUN FYRIR UNGLINGA

ÞORIR ÞÚ AÐ LESA EITTHVAÐ SEM ER BANNAÐ?

Víða um heim hafa stjórnvöld, skólar, bókasöfn og aðrir valdhafar reynt að banna eða fjarlægja bækur úr hillum bókasafna. Af hverju? Oft vegna þess að í þeim eru hugmyndir, sögur eða sjónarmið sem einhverjum finnst óþægilegt að fólk lesi. En einmitt þess vegna getur verið svo mikilvægt að lesa þær. Bækur geta hjálpað okkur að sjá heiminn frá nýjum hliðum, kynnast fólki sem lifir öðruvísi lífi en við og hugsa sjálfstætt. Sem betur fer er ritskoðun sem þessi bönnuð á Íslandi og hér megið þið lesa það sem þið viljið.

Árið 2023 voru yfir 4.200 einstakir bókatitlar kærðir eða reynt að banna í skólum og bókasöfnum í Bandaríkjunum, sem er hæsta tala sem mælst hefur.

Kannski þekkirðu einhverjar af þessum bókum:

Hjartastopp eftir Alice Oseman
1984 eftir George Orwell
Hungurleikarnir eftir Suzanne Collins
Stikilberja-Finnur eftir Mark Twain
Vefurinn hennar Karlottu eftir E.B. White
Nornirnar eftir Roald Dalh
Og margar, margar fleiri.

ÞÍN ÁSKORUN

1. Finndu bók sem hefur verið bönnuð einhvers staðar í heiminum.
2. Lestu bókina.
3. Fylltu út happamiða á bókasafninu. Þá ferð þú í pott sem dregið verður úr og nokkrir heppnir þátttakendur fá vinning.

HVAR FINN ÉG HVAÐA BÆKUR HAFA VERIÐ BANNAÐAR?

Notaðu leitarvél á netinu og prófaðu að leita að: Listi yfir bannaðar bækur (e. list of banned books)

Eða spurðu starfsfólkið á bókasafninu um tillögur.

Það sem sumir vilja helst að þú lesir ekki getur stundum verið einmitt það sem opnar augun fyrir nýjum hugmyndum. Vertu forvitin/forvitinn/forvitið. Vertu hugrökk/hugrakkur/hugrakkt.

LESTU BANNAÐA BÓK!